



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 395

Kvenfélag Fríkirkjunnar í Reykjavík

Skjalaskrá

Einkaskjalasafn nr. 395

Kvenfélag Fríkirkjunnar í Reykjavík

Formáli

Kvenfélag Fríkirkjusafnaðarins var stofnað 6. mars 1906 og er elsta kirkjufélag landsins og auk þess eitt af elstu kvenfélögunum. Höfuðmarkmið starfseminnar er samkvæmt skipulagsskránni að sameina krafta trúar og trúarlífs og kristilegt siðgæði, til eflingar safnaðarlífi voru, svo og til styrktar hverju góðu máli, sem söfnuðinn varðar, einnig að hjálpa fátækum konum, líkna sjúkum og bágstöddum manneskjum í söfnuðinum.

Félagið hefur starfað af miklum áhuga að eflingu safnaðarins. Fjár til starfseminnar hefur kvenfélagið aflað með ýmsu móti, en oftast með því að stofna til bazara og hlutaveltna.

Sigurborg Bragadóttir og Helga Kristinsdóttir afhentu Borgarskjalasafni eftirfarandi skjöl 12. nóvember 2009. Við afhendinguna kom fram í máli þeirra að enn væri haldið í gömlu gildin, þó tímarnir hafi breyst og samtryggingin í samfélaginu önnur, en þegar félagið var stofnað fyrir rúmum 100 árum. Áður fyrr var óskað meira eftir félagskonum í safnaðarstarfið og við ýmsar uppákomur, en það hefur breyst eftir að fleiri starfsmenn hafa verið ráðnir við kirkjuna. Enn halda félagskonur fimm fundi á ári og styðja og styrkja kirkjustarfið.

Sjá einnig Fimmtíu ára starfssögu Kvenfélags Fríkirkjusafnaðarins og einkaskjalasöfn nr. 259, Sigurður E. Guðmundsson og nr. 282, Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík.

Skjalaskrá

Askja 1

Fundargerðabók I, aðalfundir 7. febrúar 1907 - maí ? 1913, ásamt nafnaskrá.*

Fundargerðabók II, 6. nóvember 1913 - 7. desember 1920, ásamt nafnaskrá.

Fundargerðabók III, 4. janúar 1921 - 6. mars 1933.

Fundargerðabók IV, 3. apríl 1933 - 13. desember 1943 (fundir nr. 197-263).

Fundargerðabók 28. janúar 1944 - 22. febrúar 1960 (fundir nr. 264-357).

Askja 2

Fundargerðabók 4. apríl 1960 - 21. janúar 1966 (60 ára afmælisfundur).

Fundargerðabók 22. apríl 1966 - 4. mars 1975.

Fundargerðabók 26. maí 1975 - 5. mars 1987.

Skrá yfir meðlimatölu Kvenfélags Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík árið 1909-1920.
Bazarbók Kvenfélags Fríkirkjusafnaðarins 1975 - 30. nóvember 1991.

Askja 3

Kvenfélag Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík. Fimmtíu ára starfssaga 1956, (útg. 1960).

Afmælisfagnaður haldinn að Hótel Sögu 6. mars 1986, einblöðungur með sönglögum.

Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík, ársrit 1996.

Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands, dags. 1983-1998.

Arðgreiðsla í mars 1998.

*Fundargerðir ársins 1906 eru glataðar.

Skráð í desember 2009,
Guðjón Indriðason